

Veiðimálastofnunin, maí 1979  
Tumi Tómasson, Þórir Dan Jónsson  
Borgarnesi.

4

### Athugun á Hólmkellsá í Fróðárhreppi

Þann 10/5 '79 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á lífsskilyrðum lax í Hólmkellsá að beiðni Stangaveiðifélagsins Jökclarar. Undanfarin ár hefur verið sleppt 1-2 þús. gönguseiðum í ána og hefur mest veiðst 50 laxar á ári. Í fyrrasumar var svo átta þúsund gönguseiðum sleppt í ána. Ekki er að sjá að verulegur árangur hafi náðst með gönguseiðasleppingum.

Rafveitt var á þremur stöðum í ánni, fyrir neðan sleppitjörn (brú), við Ármót og neðst í gilinu. Aldursýni voru tekin af nokkrum seiðum. Einnig var botngerðin lítillega athuguð.

### Niðurstöður og ályktanir.

Hér á landi er það einkum hitastig sem takmarkar útbreiðslu laxins (þar sem laxgengt er þ.e.a.s.), en botngerð og straumlagþættir sem eru mjög samtvinnaðir- hafa hins vegar mest áhrif á lengdar-dreifingu seiða á hverjum stað og þar með dánartölu seiðanna. Þar sem botn er fíngerður þrífast ekki stór seiði, og er grýttur botn forsenda þess að stór seiði geti þrífist (skjól og fæðuframboð er mest þar).

Laxaseiðin helga sér stað í ánni sem þau verja gegn ásókn annarra seiða.

Þegar seiðum er sleppt í ár er því mikilvægt að dreifa þeim vel annars hrekjast mörg seiði á milli umráðasvæða þeirra sterkustu, stressast og jafnvel drepast áður en þau finna sér samastað í ánni.

Við rafveiðarnar fyrir neðan sleppitjörn (neðan við efri brú) veiddust eingöngu gönguseiði sem sleppt var í fyrra og væntanlega fara út núna í vor. Samkvæmt meðfylgjandi ljósriti skrifuðu 19. júní 1978 af Einari Hannessyni, er ljóst að ekki voru öll sleppiseiðin gönguseiði. Eins ber að geta að meðal gönguseiða úr eldisstöð er stór hluti hænganna kynþroska, en þeir fara ekki út fyrr en að ári liðnu.

Við Ármót og neðst í gili veiddust 12 laxaseiði sem aldursýni voru tekin af. Reyndist þar vera um seiði frá náttúrulegu klaki að ræða nema eitt sem sleppt hafði verið sem gönguseiði í fyrra.

Aldursgreiningar sýna að fyrstu tvö árin vaxa seiðin hægt, en eftir það vaxa seiðin vel og eftir fjóra vetur í ánni eru þau tilbúin að leita til sjávar.

Áin framleiðir mjög lítið af náttúrulegum seiðum og kemur það til vegna kuldans í ánni, en að sögn Jöklara fer hitastigið í ánni sjaldan upp fyrir 7-8<sup>o</sup> C. Slíkar ár eru vistfræðilega á mörkum þess að geta framleitt eigin lax, og má lítið út af bera til að hann hverfi með öllu.

Vegna kuldans vaxa seiðin sem komu úr hrognum að vori mjög lítið um sumarið og flest ná ekki nægum þroska (stærð + holdarfar) til að lifa af fyrsta veturinn í ánni og óhætt er að fullyrða að áin (eins og hún er nú) getur aldrei framleitt eigin lax svo að nokkru nemi, og verður laxveiði í ánni að byggjast upp á sleppiseiðum, og þarf því ekki að takmarka veiðialag á laxinn sem í ána gengur. Flestir fullorönu laxanna deyja að lokinni hrygningu og er því óþarfi að friða hann.

Það hefur sýnt sig að slepping gönguseiða í kaldar ár hafa almennt gefið lítinn eða engann árangur og er því ekki ráðlegt að sleppa gönguseiðum í ána, en slepping svokallaðra "sumaralinnna" seiða ætti að heppnast betur. "Sumaralin" seiði eru seiði sem hafa komið úr hrogni í feb.-mars (kaki flýtt) og verið fóðruð í tvo-þrjá mánuði fyrir sleppingu. Eru þau á bilinu fjórir- sex sm. Þessi seiði hafa mikið forskot fram yfir náttúruleg seiði, og eru jafnvel eins stór og tveggja ára seiði úr ánni (tveggja ára seiði úr ánni eru 5-6 sm. löng).

Afföll af þeim yrðu væntanlega ekki eins mikil og af náttúrulegu seiðunum, og má ætla að þau nái göngubróska á tveimur-þremur árum.

#### Tillögur um aðgerðir.

Til að stuðla að aukinni laxagengd í Hólmkellsá leggjum við því til að eftirfarandi verði reynt.

Sleppa ber í ána stálpuðum seiðum (sumaröldum) um miðjan júní, eða þegar áin fer að hlýna. Áður en seiðunum er sleppt skal láta pokana liggja óoppnaða í ánni þar til hitasti vatnsins í þeim er orðið svipað hitastigi árinna (I-2 tímar). Ef súrefnisskorts er farið að gæta meðal seiðanna (slöpp og farin að gleypa loft) skal sleppa þeim strax.

Síðan ber að sleppa þeim á svæði þar sem botninn er grýttur og er efri hluti árinna þar ákjósanlegastur. Ekki ber þó að sleppa seiðum í hliðarlæki, en í þeim er nær eingöngu kaldavermsl

Þegar seiðunum er sleppt ber að dreifa þeim vel um ána og sleppa um I-2 seiðum per lengdarmeter, við hvorn bakka.

Þó gætu viðhorfin breyst þegar afkoma seiðanna er könnuð að ári, en Veiðimálastofnunin hefur hug á að kanna árangur seiðasleppinga í svo kaldri á sem þessari.

Ef sleppt verður í ár yrði árangurs af þessum aðgerðum að vænta 1983-1984.